

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



Reykjavík, 11. febrúar 2021

### **Efni: Breyting á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki. (Mál nr. 444)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um einföldun regluverks. Frumvarpið er m.a. til komið vegna nýrrar skýrslu OECD um samkeppnismat á byggingariðnaði og ferðaþjónustu og bindur Viðskiptaráð vonir við að vinnu verði fram haldið við að framfylgja tillögum OECD er fram komu í skýrslunni. Viðskiptaráð vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

- Regluverk á Íslandi er óþarflega íþyngjandi og mikilvægt er að ráða bót á því
- Íslendingar eiga Norðurlandamet í lögverndun en reynslan og rannsóknir hafa ekki sýnt fram á að lögverndun þjóni almannahagsmunum í formi aukinna gæða eða þjónustu
- Endurskoða þarf löggjöf um löggiltar starfsgreinar í heild sinni og draga úr lögverndun

### **Einföldun regluverks**

Staða Íslands er að mörgu leyti slæm þegar horft er til umfangs regluverks og áhrifa þess á athafnir einstaklinga og fyrirtækja hér á landi. Mikilvægt er að stíga varlega til jarðar í reglusetningu þannig að ávinningur af nauðsynlegu regluverki sé meiri en kostnaðurinn. Í nýlegri skýrslu Viðskiptaráðs, [Hið opinbera: Meira fyrir minna](#), er meðal annars fjallað um mikilvægi skilvirks regluverks til að auka framleiðni. Of íþyngjandi reglur leiða til mikils kostnaðar fyrirtækja og einstaklinga sem getur hamlað samkeppni og skapar aðgangshindranir á markaði. Í mati OECD kemur fram að íslenskt regluverk er til þess fallið að skapa of miklar hindranir og meiri en gengur og gerist í þeim löndum sem OECD ber Ísland saman við. Fyrirliggjandi frumvarp er liður í úrbótum hvað þetta varðar og er það fagnaðarefni. Þó telur Viðskiptaráð mikilvægt að gengið sé lengra í þessum efnum og fleiri tillögur OECD um breytingar á gildandi lögum og reglugerðum er snúa að ferðaþjónustu og byggingariðnaði verði teknar til athugunar. Miðað við þann fjölda galla sem OECD fann í íslensku regluverki á sviði byggingariðnaðar og ferðaþjónustu má leiða sterkar líkur að því að samskonar hindranir sé að finna í regluverki annarra atvinnugreina. Það er því mat ráðsins að ráðast þurfi í átaksverkefni í einföldun regluverks í fleiri ráðuneytum.

### **Lögverndun atvinnugreina**

Lögverndun er ávallt komið á í nafni neytendaverndar, þ.e. með þeim rökum að vernda þurfi neytendur fyrir fúski og lélegri þjónustu á ákveðnum sviðum. Lögverndun getur samt sem áður haft neikvæðar afleiðingar. Með því að skapa hindranir fyrir þá sem vilja hefja störf í atvinnugrein dregur lögverndun úr fjölda starfa í viðkomandi grein. Afleiðingar þess eru minni samkeppni og hærra verð fyrir viðskiptavinum en ella. Á sama tíma hefur ekki verið sýnt fram á að lögverndun leiði ávallt til bættrar

þjónustu. Þá getur lögverndun haft neikvæð áhrif á nýsköpun með opinberum reglum um ákveðna menntun eða aðferðir sem torvelda nýjar aðferðir eða lausnir.<sup>1</sup>


Íslendingar eiga Norðurlandamet í lögverndun starfa og er leyfisskyldu beitt í meira mæli hérlandis en annars staðar á Norðurlöndunum. Samkvæmt þeirri leið þarf leyfi stjórnvalda bæði til að nota viðkomandi starfsheiti og einnig til að sinna þeim verkefnum sem felast í starfinu. Það kunna að hafa verið málefnalegar ástæður að baki lögverndun í upphafi, en líkt og OECD bendir á í skýrslu sinni geta þau markmið úrelst eða orðið óljós með tímanum. Íslensk lög hafa þannig ekki tekið miklum breytingum í gegnum tíðina með tilliti til þess hvaða störf eru löggilt. Til dæmis hefur listi löggiltra starfsgreina skv. reglugerð nr. 940/1999 verið nær óbreyttur frá því um aldamót, þegar hún var sett. Á sama tíma hefur neytendavernd verið eflað með ýmsum öðrum leiðum í lögum og reglugerðum.

### Reynslan er lögverndun í óhag

Í skýrslu frá 2015 voru teknar saman niðurstöður tólf rannsókna á áhrifum lögverndunar á gæði þjónustu. Í tveimur þeirra voru áhrifin talin jákvæð, í níu þeirra voru áhrifin talin engin og í einni rannsókn voru áhrifin talin neikvæð.<sup>2</sup> Áhrif lögverndunar á gæði þjónustu eru því óljós. Þegar kemur að áhrifum á verð er aftur á móti ljóst að áhrif lögverndunar eru neikvæð og um þetta er fjallað í skýrslu OECD. Þar segir m.a. að rannsóknir sýni tengsl á milli lögverndunar starfsgreina og hærra verðs.<sup>3</sup> Rannsóknir hafa því ekki sýnt fram á að lögverndun þjóni almannahagsmunum í formi aukinna gæða vara eða þjónustu. Aftur á móti hefur verið sýnt fram á að lögverndun þjónar hagsmunum þeirra sem fyrir eru í viðkomandi stétt í formi hærri tekna, sem neytendur greiða fyrir í nafni neytendaverndar. Reynslan sýnir að veik rök eru fyrir því að skerða atvinnufrelsi með jafn umfangsmiklum hætti og gert er.

Viðskiptaráð fagnar því skrefi sem tekið er í frumvarpinu til að draga úr leyfisveitingu bókara, og löggildingu viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ráðið ítrekar þó mikilvægi þess að stjórnvöld fari að tillögum OECD og endurskoði löggjöf um löggiltar starfsgreinar, í þeim tilgangi að meta hver séu undirliggjandi markmið löggildingar og hvort þær takmarkanir á atvinnufrelsi sem felast í löggildingu séu málefnalegar í ljósi markmiðanna. Fylgja ætti erlendum fordæmum og einskorða lögverndun við þær greinar þar sem hún skilar sannarlega ávinningi hvað varðar öryggi og gæði þjónustu. Afnáam lögverndunar í öðrum atvinnugreinum myndi auka atvinnufrelsi, styðja við aukna framleiðni, ýta undir nýsköpun og draga úr kostnaði bæði fyrir neytendur og fyrirtæki.

**Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga.**

  
Agla Eir Vilhjálmsdóttir  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

<sup>1</sup> Dr. Morris Kleiner: „Reforming Occupational Licensing Policies“.

<https://www.brookings.edu/research/reforming-occupational-licensing-policies/>

<sup>2</sup> The White House: „Occupational Licensing: A Framework for Policymakers“.

[https://obamawhitehouse.archives.gov/sites/default/files/docs/licensing\\_report\\_final\\_nonembargo.pdf](https://obamawhitehouse.archives.gov/sites/default/files/docs/licensing_report_final_nonembargo.pdf)

<sup>3</sup> OECD (2020), OECD Competition Assessment Reviews: Iceland <https://www.oecd.org/competition/oecd-competition-assessment-reviews-iceland.htm>